

Ályktun um uppbyggingu farnetskerfa á tengivegum

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024 lýsir vonbrigðum með að ekki sé stefnt að uppbyggingu farnets á tengivegum á Vestfjörðum í áætlunum stjórnvalda og skorar á stjórnvöld að byggja upp farnet og tetrakerfi á tengivegum. Tengivegir eru þeir vegir sem tengja vinsælustu ferðamannastaði á Vestfjörðum við stofnvegakerfið. Lélegt farnet skapar mikið óöryggi fyrir íbúa og ferðamenn þessara svæða.